

Fundargerð.

Aðalfundur Norðurá bs. 2019

Aðalfundur Norðurá bs., haldinn 5. júní 2019 í Félagsheimilinu Miðgarði Skagafirði kl: 16:00.

Mættir fulltrúar eigenda voru: Sigfús Ingi Sigfússon fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð, Valdimar Ó. Hermansson fyrir Blönduós, Róbert Kristjánsson fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd og Einar Kristján Jónsson fyrir Húnavatnshrepp. Einnig sátu fundinn Magnús B. Jónsson, Einar Einarsson, Snorri Finnlaugsson, Stefán Gísli Haraldsson, Ingibjörg Huld Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Fannar Viggósson, Kristján Jónasson, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Margeir Friðriksson og Ásthildur Sturludóttir.

Dagskrá

- 1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara.**
- 2. Skýrsla stjórnar.**
- 3. Ársreikningur 2018.**
- 4. Kosning stjórnar og endurskoðenda.**
- 5. Ákvörðun um þóknun stjórnar.**
- 6. Endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn**
- 7. Kynning á verkefnum starfshóps um úrgangsmál á Norðurlandi**
- 8. Önnur mál.**

1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara

Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Samþykkt samhljóða að Sigfús Ingi Sigfússon yrði fundarstjóri og Einar E. Einarsson ritaði fundargerð.

2. Skýrsla stjórnar

Magnús B. Jónsson fór yfir starfsemi ársins 2018. Kom fram að í heildina hefur starfsemin gengið vel og samkvæmt áætlun. Samtals voru urðuð 21.745 tonn af sorpi árið 2018. Þar af voru um 3.604 tonn af sláturúrgangi og dýrahraejum. Í heildina er þetta aukning um 1.200 tonn frá árinu 2017. Fyrstu fjórir mánuðir ársins 2019 benda ekki til að draga sé úr heildar magninu. Fyrir utan hefðbundna starfsemi stjórnar varðandi rekstur félagsins voru megin verkefni ársins að koma í gagn við brennslustöð fyrir það metangas sem er að koma upp úr þeim hluta hólsins sem búið er að loka. Samtals eru að koma úr haugstæðinu 30-40 m³ á klukkustund af gasi og er því öllu eytt með brennslu, en 32% af því magni er metangas CH₄. Samið hefur verið við Verkfræðistofuna Eflu um að vinna þau gögn sem þarf vegna umsóknar til Umhverfisstofnunnar um stækkun á starfsleyfi úr 21.000 tonnum í 30.000 tonn. Gera þarf nýtt umhverfismat, en gert er ráð fyrir að ferlinu í heild sé að ljúka um áramótin 2019/2020. Fyrir liggur að bannað verður að urða dýrahrae innan skamms (áhættuflokkur 1) en einnig er yfirvofandi bann við urðun á sláturúrgangi en fyrsta skrefið í því veður líklega gjaldtaka af hálfu ríkisins sem sennilega hefst árið 2020. Einnig liggur fyrir í núgildandi

svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026, samþykkt af öllum sveitarstjórnnum að ætlunin sé að hætta urðun á lífrænum úrgangi frá og með árslokum 2020. Magnús gerði einnig grein fyrir ný samþykktri gjaldskrár breytingu af stjórn sem tekur gildi 1. janúar 2020. Verkefni á komandi mánuðum eru áframhaldandi vinna vegna umsóknar um breytingu á starfsleyfi. Í lokin lagði Magnús áherslu á að sveitarfélögin myndu auka flokkun og gera allt það sem þau gætu til að draga sem mest úr urðun úrgangs og lýsti stjórn Norðurá tilbúna til að koma að þeirri umræðu með sveitarfélögunum.

3. Ársreikningur 2018

Kristján Jónasson frá KPMG gerði grein fyrir ársreikningi ársins 2018. Megin niðurstaða ársreikningsins sýndi að hagnaður var á rekstri félagsins á árinu 2018 að fjárhæð 45,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 363,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Laun og launatengd gjöld námu 37,5 millj. kr. á árinu 2018. Þar af námu laun og launatengd gjöld stjórnar 1,2 millj.kr. Á árinu störfuðu 3-4 starfsmenn hjá Norðurá í 3,6 ársverkum.

Eftir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning 2018 var hvoru tveggja borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

4. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Sigfús Ingi Sigfússon lagði fram tillögu um að aðalmenn í stjórn yrðu Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Magnús B. Jónsson. Til vara væru í sömu röð, Ingibjörg Huld Þórðardóttir, Stefán Gísli Haraldsson og Zophonías Ari Lárusson. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Jafnframt bar Sigfús Ingi upp þá tillögu að Kristján Jónasson endurskoðandi frá KPMG verði endurskoðandi Norðurá bs. árið 2019. Samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Fundarstjóri flutti tillögu um að laun stjórnar fylgi sömu launaviðmiðum og hlutföllum og miðað er við hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Samþykkt samhljóða.

6. Endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunnarstaðinn

Gunnar Svavarsson frá Eflu fór yfir það ferli sem í gangi er vegna umsóknar til UST um stækkun á starfsleyfi Norðurá bs. Matsáætlun er lokið og kominn til Skipulagsstofnunnar. Frummatsskýrslan er í vinnslu og gert er ráð fyrir að henni verði skilað inn í byrjun júlí og endanlegri matsskýrslu ca. tveimur mánuðum síðar. Gert er ráð fyrir að ferlinu sé að ljúka um næstu áramót. Gunnar fór einnig yfir ýmis lög og reglugerðir og skyldur sveitarfélaganna samkvæmt þeim varðandi úrgangsmál.

7. Kynning á verkefnum starfshóps um úrgangsmál á Norðurlandi

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdarstjóri SSNV fór yfir forsögu og stofnun starfshóps um úrgangsmál á Norðurlandi. Hún kynnti hvað hópnum væri ætlað að fjalla um og fór yfir þá vinnu sem átt hefur sér stað frá því í nóvember 2018, en þá var fyrsti fundur hópsins haldinn. Einnig kynnti hún þær þrjár sviðsmyndir sem hópurinn hefur nú ákveðið að vinna áfram með í samstarfi við Eflu verkfræðistofu um hugsanlegar leiðir í úrgangsmálum á Norðurlandi.

8. Önnur mál

Enginn.

Magnús Jónsson sleit fundi og þakkaði starfsmönnum fundarins og fundarmönnum góðan fund.

Fundi slitið kl. 18:35

Einar E Einarsson

Sigfús Ingi Sigfússon